

Reykjavík 6.ágúst 2019

Til Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar

Ósk um stuðning vegna starfs GFF með grunnskólum í Hafnarfirði.

Vorið 2016 hófu samtökin **Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs** (GFF) störf með skólanemendum úr Hafnarfirði um uppgræðslu á suðursvæði Hafnarfjarðar, svæði sem nær til sjávar á suðurströndinni. Svæðið kallast **Vistvangur** innan GFF og eru byrjunarsvæðin nokkurn veginn þar sem Krýsuvíkurvegur og gamli vegurinn úr Herdísarvík mætast, rétt norðan við vegamótin við Suðurstrandarveg.

Fyrsta árið voru það eingöngu nemendur Flensborgarskólans sem komu við sögu, en árið eftir, 2017, komu nemendur 4.bekkar Víðistaðaskóla og Setbergsskóla. Vorið þar á eftir, 2018, komu nemendur Hvaleyrarskóla og Öldutúnsskóla og vorið 2019 voru allir nemendur 4.bekkar þessara fjögurra skóla þátttakendur. Alls um 217 nemendur úr 4.bekk auk á annað hundrað nemenda sem koma úr Flensborg.

GFF hefur með höndum skipulag og umsjón með uppgræðsluaðgerðum á þessu svæði. Þarna hefur gróðureyðing verið með mesta móti síðan á seinni hluta 19.aldar og lítið gert landinu til hagsbóta. Metnaður samtakanna beinist að því að skólaæskan úr Hafnarfirði tengist uppgræðsluaðgerðum. Sérstaklega er það mikilvægt nú á dögum. Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verða á ævitíma þessara nemenda afar fyrirferðamikil verkefni.

Fyrir tæpu ári síðan sendi GFF erindi til Fræðsluráðs Hafnarfjarðar þar sem sótt var um fjárframlag til að gera samtökunum kleift að taka alla 4.bekkinga úr Hafnarfirði út á grundir að vori og að hausti og gera afrakstur leiðangranna að námsefni í skólastofunni. Það erindi var seint á ferðinni, búið var að ráðstafa fé fjárhagsáætlunar 2019 og erindinu lauk þar með. Hér með er erindið sent aftur til Hafnarfjarðararbæjar og nú í tæka tíð.

Erindið gagnvart Fræðsluskrifstofunni er nánast það sama og það var á síðasta ári og vonast er til að það hljóti góðar undirtektir að þessu sinni. Hafnarfjarðarbær yrði þar með fyrsta bæjarfélagið á Íslandi til að taka þessi mál föstum tókum og væri það eftirtektarvert áttak í þessum málum. Grunnskólarnir fjórir úr Hafnarfirði hafa nú þegar sett niður 25 klasa (1 klasi = 25 plöntur þ.e. 625 plöntur), á svæðinu, síðan hafist var handa vorið 2017.

Að öðru leyti er vísað til eldri gagna um málið en þau voru á dagskrá í okt / nóv árið 2018.

Með vinsemd og virðingu



Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF

Hjálagð: 1) Tafla yfir kostnað vor og haust 2019 – 2022

2) Skýringar á kostnaði

3) Myndhefti frá heimsókn Forseta Íslands

Áætlaður kostnaður vegna skólustarfs á Vistvangi

Sett upp snemma í ágúst 2019

	Akstur								
	Vor	Þíntur og áburður	Ökumenn	Bíll	Eldsneyti	Leiðsögn	Vélavinna	Umsýsla	Vertæari
4 skólar	2019	45.000	220.000	100.000	50.000	220.000	50.000	175.000	0
6 skólar	2020	67.500	330.000	150.000	75.000	330.000	75.000	230.000	5.000
8 skólar	2021	90.000	440.000	200.000	100.000	440.000	100.000	300.000	10.000
8 skólar	2022	90.000	440.000	200.000	100.000	440.000	100.000	300.000	10.000

217 nemendur
318 n
424 n
430 n

	Akstur								
	Haut	Þíntur og áburður	Ökumenn	Bíll	Eldsneyti	Leiðsögn	Vélavinna	Umsýsla	Vertæari
4 skólar	2019		220.000	100.000	50.000	220.000		150.000	0
6 skólar	2020		330.000	150.000	75.000	220.000		200.000	5.000
8 skólar	2021		440.000	200.000	100.000	440.000		300.000	10.000
8 skólar	2022		440.000	200.000	100.000	440.000		300.000	10.000

217 nemendur
318 n
424 n
430 n

Alls allt árið

2019 1.600.000 kr
2020 2.242.500 kr
2021 3.170.000 kr
2022 3.170.000 kr



GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANÐNÁMI INGÓLFS

Kostnaðarliðir

Plöntur og áburður

Plöntur eru fengnar hjá Gróðrastöðinni Þöll í Hafnarfirði, verð eru sem hér segir um mitt ár 2019:

Birki: 170 kr

Víðir: 170 kr

Reynir: 185 kr

Gert er ráð fyrir að 200 nemendur setji niður 250 – 275 plöntur. Lítilsháttar af tilbúnum áburði er notað við plöntun.

Akstur

Ökumenn:

Gert er ráð fyrir að ökumenn séu tveir og að á degi hverjum sé geta til að þjónusta allt að 60 nemendur svo að vel sé. Gert er ráð fyrir að vinnudagur ökumanna sé frá kl. 8 að morgni þangað til kl. 13.30 að deginum. Þeir eru að allan þann tíma en taka sér kaffitíma um kl. 10.30. Gert er ráð fyrir tímakaupi 4.000 kr. Að fara með nemendur fjögurra skóla hefur tekið 5 daga. Gert er ráð fyrir að 8 skólar séu 10 dagar.

Bíll:

Litlar rútur eru leigðar og taka 15 – 16 manns. Tvær rútur eru nauðsynlegar. Reiknað er með að daggjald fyrir hýra sé 10.000 kr.

Eldsneyti:

Gert er ráð fyrir að fyrir helming skólanna séu eknir hartnær 1.100 km og að eldsneytiskostnaður sé 50.000 kr miðað við núverandi eldsneytisverð.

Leiðsögn

Hér er um að ræða leiðsögn úti í mörkinni þegar nemendur planta trjáplöntum og stunda aðra uppgræðslu. Hér gildir það sama og með **Ökumenn** og upphæðir eru þær sömu.

Vélavinna

Hrossatað er flutt af losunarstað út á grundir með vélarafli. Hér er gert ráð fyrir að fyrir helming nemenda og skóla sé kostnaður við það um 50 þús kr.

Umsýsla

Hér er um að ræða undirbúning, útbúning gagna í hendur kennara og nemenda, úrvinnslu og frágang.

Verkfæri

Öðru hvoru þarf að bæta við verkfærum og mælitækjum.

Starfshættir

Gangur verkefnisins verður sem hér segir miðað við að allir 8 grunnskólar Hafnarfjarðar séu þátttakendur. Farið er með nemendur 4. bekkjar að vori og nemendur 5. eða 6. bekkjar að hausti.

Gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda sé 400 – 420 í skólunum öllum. Af þeim koma 90% svo að heildarfjöldi er ca 380.

Dæmi Setbergsskóli: 50 nemendur. Hér er farið með 25 nemendur í tveimur rútum, 12 + 13 auk kennara og annarra fullorðinna. Farið af stað í býtið og þegar suðureftir er komið fara allir út og tekið er til starfa.

Rúturnar fara strax til baka til að ná í afganginn af nemendum.

Leiðbeinendur taka 4 í hóp út úr og láta þá planta trjám og sinna því sem þarf að sinna. Á meðan eru hinir að moka taði út og græða þannig upp land. Þegar 8 manna hópurinn er búinn fer hann til moksturs og næsti 4 + 4 hópar koma til útplöntunar. Svona gengur þetta einu sinni enn og eru þá allir í fyrra hollu búnir að planta og moka líka.

Seinna holl rennir að og er þá allur 4. bekkjar árgangur skólans samankominn. Þá er tekinn 20 – 30 mínútna nestistími. Þetta er um kl. 10.30 (samkvæmt reynslu).

Að loknum drekkutíma tekur seinna holl við og vinnur á sama hátt og hið fyrra. Rútur fara með fyrra holl heim og koma svo til baka til að taka seinna holl.

Aðgerðum lokið um 13.30.

Því sem lýst er að ofan er eitt dagsverk með nemendur eins skóla. Þar voru 50 nemendur en gætu orðið mest 60.

Í tilfelli **Víðistaðaskóla** þar sem voru 80 nemendur þurfti að taka 2 daga til að afgreiða árganginn.

Aðrir skólar sem tóku þátt 2019 voru **Hvaleyrarskóli** með 40 skráða nemendur og **Öldutúnsskóli** með 43 skráða nemendur. Í báðum tilfellum var gangur mála eins og lýst er hér að ofan.

Með 8 skóla er gert ráð fyrir að þurfi 10 daga að vori og hausti, samtals 20 daga, til að klára allan árganginn þannig að allir geti unað glaðir við sitt. Að vori er lagt upp úr framkvæmdum, að hausti er lagt upp úr mælingum og athugunum (rannsóknnum).

Með alla skóla Hafnarfjarðar innanborðs er gert ráð fyrir að nær 900 nemendur taki þátt í að græða upp og vakta á Vistvangi, þ.e. nemendur mæti tvisvar, að vori til að planta og að hausti til að mæla og meta.

Kostnaðarliðir gera ráð fyrir verðlagi sumarið 2019 og eru gerðir upp skv. vísitölu til framtíðar.